




# Háteigur



15. árgangur 7. tbl.

22. ágúst 2011

## HAUSTBRÉF

<http://hateigsskoli.is>

### Frá skólustjóra

Ágætu lesendur

Nú hefjum við veturinn með rafrænum Háteigi, þó að nokkrir fái ennþá eintök á pappír. Vonandi verður fréttabréfið lesið áfram þrátt fyrir breytt fyrirkomulag. Breyting úr pappír yfir í rafræna útgáfu gæti gefið okkur möguleika til að þróa Háteig þar sem hægt verður að koma fyrir bæði ljósmyndum úr starfinu sem og krækjum inn á aðrar síður, ljósmyndaefni og jafnvel stuttar kvikmyndir.

Eftirvænting og tilhlökkun býr nú í hverju brjósti þeirra sem lifa og starfa í Háteigsskóla. Þó að nú sé tími berjanna og náttúru í öllum regnbogans litum þá eru það börn með skólatöskur sem segja okkur að haustið sé komið. Fátt minnir meira á lífið og gróskuna en börn og ungmenni sem koma þrúð og frjálsgleg í fasi að skóla sínum með brosandi, sólbrún andlit. Haustið er nýtt upphaf og nýir möguleikar. Nú er hægt að strengja þess heit að vinna vel og sumir þurfa að ákveða að gera betur en í fyrra. Slíkar heitstrengingar eiga ekki bara við nemendur, því það á líka við okkur sem störfum í skólanum. Í liðinni viku sátum við á fundum og ræddum skipulag og spennandi viðburði vetrarins. Vonandi tekst okkur að taka ný skref og gera skólinn enn betri.

Margvíslegar breytingar hafa orðið á milli ára í húsnæði og aðstæðum skólans. Nú er komin ný girðing í kringum malbikaða fótboltavöllinn, salurinn hefur verið málaður og eldhúsið okkar hefur fengið nýtt gólfefni. Málningin var tekin af gluggum salarins sem snúa í norður þannig að nú flæðir dagsbirtan um salinn eins og arkitektinn hafði hugsað sér í upphafi. Við áttum einnig að fá tjöld til að loka birtuna úti þegar þörf væri á og skerma af húsgögn og búnað en þeim framkvæmdum seinkar nokkuð. Það stóð til að endurbætur yrðu gerðar á sorp- og endurvinnsluáðstöðu við skólann en ekkert er að fréttu af því þegar þetta er skrifað. Við gerum okkur þó vonir um að eitthvað gerist í þessu efni því að við erum á mikilli siglingu í endurvinnslumálum.

Nokkrir kennarar eru nýir við skólann. Á miðstigi eru það Fjalar Freyr Einarsson og Hulda Björg Einarsdóttir. Úr barnburðarleyfi koma Erla Súsanna Þórisdóttir dönsku-kennari og Dóra Marteinsdóttir kennari á miðstigi en þær

hófu reyndar störf á síðasta vori. Nýir skólaliðar eru Ekaterina Gribacheva, og Iwona Garbowska. Nýir stuðningsfulltrúar eru Ásdís Elva Jónsdóttir, Ástríður Kristín Bjarnadóttir, Hildigunnur Steinþórsdóttir og Iuliana Safipour Shirmohammadi. Nú hefur nýr hjúkrunarfræðingur störf við skólann en hún heitir Anna Lillý Magnúsdóttir. Þá má einnig geta þess að María Nikulásdóttir er nýr sálfræðingur sem sinnir nú Háteigsskóla á Þjónustumiðstöð miðborgar og Hlíða.

Jacqueline Þ. Friðriksdóttir enskukennari varð sjötug í september á síðasta skólaári og lauk því í vor farsælum 40 ára starfsferli við skólann. Jacky, eins og við köllum hana í daglegu tali, hefur haft mikil áhrif á sögu enskukennslu á Íslandi. Það hefur hún gert sem námsstjóri á árum áður, með því að halda fjölda námskeiða í greininni, sem höfundur margra kennslubóka og kannski síðast en ekki síst sem kennari. Á síðustu árum hafa komið út bækur eftir Jacky til að auðvelda enskunám. Nú í sumar hefur hún unnið að einni slíkri. Við hér í Háteigsskóla gerum okkur vonir um að Jacky muni nýta vinnuáðstöðu í skólanum til að halda áfram þessari mikilvægu vinnu og að við fáum þannig að njóta nærveru hennar. Jacky eru þökkuð frábær, einlæg og metnaðarfull störf í þágu skólans og þeirra fjölmörgu nemenda sem hún hefur kennt ensku. Nýr enskukennari við skólann er Elísabet Björnsdóttir og bjóðum við hana velkomna til starfa.

Ég býð starfsmenn og nemendur hjartanlega velkomna til starfa og foreldra til samstarfs og óska nýjum starfsmönnum velgengi í starfi. Með hverjum nýjum starfsmanni blása ævinlega ferskir vindar.

Gangi okkur öllum vel í vetur.

Ásgeir Beinteinsson, skólustjóri Háteigsskóla.

### Foreldraviðtöl, starfsdagar og vetrarfrí

Eins og kom fram á skóladagatali sem var sent heim í vor og er á heimasíðunni, verða foreldraviðtöl 11. október og 31. janúar. Starfsdagar verða 3. október, 23. janúar og 4. júní. Vetrarfrí verður 21. – 25. október og svo er frí í heila viku, 20. – 24. febrúar, en sú vika samanstendur af starfsdögum, námskeiðsdegi og vetrarfríi. Þá viku verður starfsfólk skólans í námsferð.

## Leiðréttingar í Mentor og ástundun

Í þetta sinn verður ekki sent heim svokallað öryggiseyðublað varðandi aðstandendur. Í staðinn eru foreldrar beðnir um að fara yfir persónulegar upplýsingar sínar í Mentor og leiðrétta ef þörf er á. Nauðsynlegt er að öll símanúmer og netföng séu rétt vegna upplýsingaskyldu skólans og eins ef slys eða skyndileg veikindi ber að höndum.

Allir kennarar skrá hegðun og mætingar nemenda í skólanum. Ástundun nemenda 5. - 10. bekkjar verður send heim á u.þ.b. mánaðarfresti. Allir forráðamenn hafa netaðgang að upplýsingum um ástundun barna sinna í Mentor ásamt fleiri upplýsingum sem kennari kys að setja á netið. Slóðin er <http://www.mentor.is>. Á unglingsstigi er skólasóknareinkunn tengd ástundun og birtist hún á prófskránni.

## Minnisatriði í upphafi skóla

Hvers konar notkun farsíma er bönnuð í kennslustofum. Það á að vera slökkt á símunum og þeir eiga að vera í töskum eða vösum. Verði misbrestur á er síminn tekinn af nemanda og hann aðeins afhentur forráðamanni. Farsímar, geislaspylarar og önnur verðmæti eru best geymd heima.

Gott er að fá sér inniskó þar sem nemendur fara úr útiskóm við útidyr.

Nemendum 7. – 10. bekkjar gefst kostur á að fá lánaðan læstan skáp gegn 1000 kr. tryggingargjaldi sem fæst endurgreitt þegar lykli er skilað að vori.

Hjólreiðar eru ekki leyfðar á skólalóðinni á skólatíma. Sama gildir um hjólaskauta, hjólaskó, hlaupahjól og hjólabretti.

Notkun og geymsla vélknúinna farartækja er óheimil á skólalóðinni.

## Mjólkuráskrift – mataráskrift - heimanám

Vakin er athygli forráðamanna á að nemendur geta verið í mjólkuráskrift. Nú er um að ræða sama fyrirkomulag og með mataráskriftina. Farið er inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar og gengið frá umsókn í Rafrænni Reykjavík. Þegar viðkomandi er einu sinni kominn í áskrift gildir hún þangað til að henni er sagt upp en uppsagnarfresturinn er hálfur mánuður. Þetta þýðir að þeir sem voru í áskrift á síðasta skólaári og vilja halda henni áfram, hvort sem um er að ræða mjólk eða hádegismat, þurfa ekki að endurnýja umsókn. Fyrsti afhendingardagur mjólkur er 23. ágúst.

Verðið á hádegismatnum er kr. 5.500 fyrir hvern mánuð og mjólkinn (léttmjólk) kostar kr. 700 á mánuði.

Hér skal þess einnig getið að á Rafrænni Reykjavík gefst kostur á að merkja við heimanám í grunnskólum Reykjavíkur. Undanfarin á hefur verið boðið upp á heimanám fyrir nemendur á miðstigi hér í Háteigsskóla. Afar fáar umsóknir hafa borist og því hefur verið ákveðið að bjóða ekki upp á þessa þjónustu um sinn. Skráning í heimanám í Háteigsskóla gegnum Rafræna Reykjavík er því ekki virk.

## Skilaboð frá íþrótt- og sundkennurum

Íþróttakennarar vilja benda foreldrum á áriðandi skilaboð á heimasíðunni undir „Nemendur“ / „Skilaboð frá íþróttakennurum“ og þar er lýst fyrirkomulagi íþrótt- og sundtíma.

## Skólasund veturinn 2011 – 2012

Eins og undanfarin ár verður sundið á föstudögum í Sundhöll Reykjavíkur (fyrir og eftir hádegi) og í sundlaug Austurbæjar-skóla (fyrir hádegi). Einnig verður sund fyrir 5., 6. og 7. bekk á fimmtudagsmorgnum í Sundhöllinni.

Nemendur í 4. bekk eru í sundi allan veturinn og eru tímar þeirra á stundaskrá. Aðrir nemendur (1.-3. bekkur) eru ýmist í sundi á haust- eða vormisseri. Nemendum er ekið milli laugar og skóla. Á föstudagsmorgnum verða nemendur í 3. bekk að vera mættir aðeins fyrr en venjulega því rútan fer frá skólanum kl. 8:15. Nemendur í 1., 2. og - 4. bekk fara úr kennslustundum frá umsjónarkennurum. Starfsmaður skólans fylgir nemendum 1. - 4. bekkjar í rútnu milli laugar og skóla.

### Föstudagur:

Kl.	Frá skóla	Haustmiseri	Vormisseri
8:30-9:10	8:15	3. SÓ stúlkur	3. SÓ drengir
9:10-9:50	8:55	2. IRB	2. JOS
10:10-10:50	9:55	4. b. drengir	4. b. stúlkur
10:50-11:30	10:35	4. b. stúlkur	4. b. drengir
11:40-12:20	11:25	Aukatími	
13:00-13:40	12:45	1. b. stúlkur	1. b. drengir

Víxlað verður á 4. bekkjunum 13. janúar, þ.e. þá fara stúlkur í fyrri tímamann (kl. 10:10) en drengir í seinni tímamann (kl. 10:50).

Nemendur í 5., 6. og 7. bekk eru í sundi allan veturinn í Sundhöllinni á fimmtudagsmorgnum. Drengir í 7. bekk eru í sundi á haustmiseri og mæta beint upp í Sundhöll kl. 8:25. Á vormisseri mæta stúlkur í 7. bekk beint þangað. Nemendum 5.-6. bekkjar er ekið milli laugar og skóla og 7. bekkingar mæta sjálfir í Sundhöll á fimmtudagsmorgnum.

### Fimmtudagur:

Kl.	Frá skóla	Haustmiseri	Vormisseri
8:30-9:10		7. b. drengir	7. b. stúlkur
9:10-9:50	8:55	5. b. stúlkur	5. b. drengir
10:10-10:50	9:55	6. b. drengir	6. b. stúlkur

Nemendur í 9. bekk eru í sundi í Sundhöllinni á haustmiseri og eru tímar þeirra skráðir á stundatöflu. 8. og 10. bekkur er síðan á vormisseri.

### Föstudagur:

Kl.	Haustmiseri	Vormisseri
13:40-14:20	9. ESP	8. bekkur*
14:30-15:10	9. MHS	10. HB

Síðasti sundtími hópa á haustmiseri er 5. og 6. janúar og nemendur vormisseris byrja 12. og 13. janúar.

\*Stúlkur: 13.janúar – 9.mars / Drengir: 16.mars – 1. júní.

## Gegn einelti

Við líðum ekki einelti í Háteigsskóla. Á heimasíðunni okkar er tengill sem heitir „Gegn einelti“. Þar er krækja til að tilkynna einelti og þar er því lýst hvernig við tökumst á við það með eineltisáætluninni okkar. Markmiðið er að öllum geti liðið vel í skólanum. Sigríður, félags- og námsráðgjafi